

# Framgangur áætlunar um losun fjármagnshafta

Greinargerð þessi er birt af fjármála- og efnahagsráðherra í samræmi við 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I við lög nr. 87/1992 um gjaldeyrismál, sem er svohljóðandi:

Ráðherra skal birta opinberlega greinargerð um framgang áætlunar um losun takmarkana á fjármagnshreyfingum milli landa og gjaldeyrisviðskiptum á sex mánaða fresti þar til slíkum takmörkunum verður endanlega aflétt. Greinargerð skv. 1. málslíð skal birta í fyrsta sinn innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara.

Fyrsta greinargerð samkvæmt lögnum var birt á vef fjármála- og efnahagsráðuneytisins 17. september 2013 og hafa þær verið birtar á u.þ.b. sex mánaða fresti síðan þá.<sup>1</sup>

## Drög að frumvarpi til laga um gjaldeyrismál birt í Samráðsgátt stjórnvalda

Starfshópur um endurskoðun laga um gjaldeyrismál hefur skilað fyrstu drögum að frumvarpi til nýrra heildarlaga um gjaldeyrismál. [Drögin](#) hafa verið birt til umsagnar í Samráðsgátt stjórnvalda. Í frumvarpsdrögnum er áréttuð sú meginregla að viðskipti á milli landa skuli vera frjáls. Þó er gert ráð fyrir að grípa megi til ráðstafana sem fela í sér undantekningar frá meginreglunni í þeim tilgangi að varna efnahagslegum eða fjármálalegum óstöðugleika. Annars vegar er lagt til að við neyðaraðstæður, þar sem veruleg hættu er á að fjármálastöðugleiki raskist af völdum fjármagnshreyfinga og önnur úrræði ekki fær, verði hægt að grípa til sambærilegra fjármagnshafta og núgildandi lög og reglur heimila. Hins vegar er um að ræða fyrirbyggjandi úrræði á sviði þjóðhagsvarúðar. Þar er átt við heimildir Seðlabanka Íslands, ýmist að fengnu samþykki fjármála- og efnahagsráðherra eða fjármálastöðugleikanefndar, til að setja reglur um:

1. Sérstaka bindiskyldu, þ.e. reglur um bindingu reiðufjár vegna nýs innstreymis erlends gjaldeyris;
2. Útlán lánastofnana tengd erlendum gjaldmiðlum til aðila sem ekki eru varðir fyrir gjaldeyrisáhættu;
3. Takmörkun afleiðuviðskipta þar sem íslensk króna er í samningi gagnvart erlendum gjaldmiðli.

---

<sup>1</sup> Fyrri greinargerðir um framgang áætlunar um losun fjármagnshafta má finna hér: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/efnahagsmal-og-opinber-fjarmal/efnahagsmal/losun-og-afnam-fjarmagnshafta/>

Framangreind úrræði eiga sér fyrirmyndir í núgildandi lögum og reglum um gjaldeyrismál. Lagðar eru til breytingar á framkvæmd sérstöku bindiskyldunnar þannig að aðeins verði hægt að uppfylla skilyrði hennar með endurhverfum viðskiptum við Seðlabankann. Fyrirkomulagið felur m.a. í sér að fjárfestir getur losað sig frá sérstöku bindiskyldunni án þess að breyta tilætluðum áhrifum hennar. Sú breyting er einnig lögð til að Seðlabankinn birti opinberlega greinargerð um nauðsyn bindiskyldunnar á sex mánaða fresti, á meðan hún er í gildi.

Í frumvarpsdrögunum er gert ráð fyrir að Seðlabankinn hafi áfram heimild til að setja reglur um milligöngu um gjaldeyrisviðskipti fyrir þá aðila sem hafa heimild til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti.

Í drögunum er lagt til að lögregluþyriföld, skattyfirvöld og Hagstofa Íslands hafi aðgang að upplýsingum Seðlabankans um gjaldeyrisviðskipti, fjármagnshreyfingar á milli landa og greiðslur milli landa. Þannig er farið að tillögum stýrihóps dómsmálaráðherra sem fram komu í aðgerðaráætlunar um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka frá ágúst 2019.

Frumvarpsdrögin taka tillit til breyttrar stofnanauppbyggingar með eftirliti á fjármálamarkaði. Lagt er til að ákvarðanir sem varða brot á lögunum, s.s. ákvarðanir um viðurlög og kærur, verði teknar af fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabankans. Undir nefndina falla ákvarðanir sem varða viðskiptaháttaeftirlit.

Þá er lagt til í drögunum að lög um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum verði felld úr gildi. Þannig munu kvaðir á viðskiptum með aflandskrónur falla brott og aflands- og álandsmarkaður renna saman. Aflandskrónueignendur geta nú þegar losað eignir sínar að fullu með því skilyrði að þær séu fluttar úr landi. Var fyrirkomulaginu ætlað að standa vörð um virkni hinnar sérstöku bindiskyldu. Í ljósi þess að henni er ekki lengur beitt hafa framangreind skilyrði ekki lengur þýðingu og því tímabært að afnema þau. Fjárhæð aflandskrónueigna nemur um 50 mö.kr. og er nánast óbreytt frá birtingu síðustu greinargerðar um framgang áætlunar um losun fjármagnshafta í júní á þessu ári.


| Aflandskrónueignir                                   | Umfang (ma.kr.) |
|--|-----------------|
| Ríkisbréf, ríkisvixlar og önnur bréf með ríkisábyrgð | 7,1             |
| Innlán og innstæðubréf Seðlabankans                  | 36,9            |
| Önnur verðbréf og hlutdeildarskírteini               | 5,6             |
| <b>Samtals</b>                                       | <b>49,6</b>     |

Heimild: Seðlabanki Íslands

### Erlendir aðilar selja ríkisbréf

Hægt hefur á innflæði erlends fjármagns vegna nýfjárfestingar á árinu. Fyrstu níu mánuði ársins nam innflæðið 27 mö.kr., samanborið við 68 ma.kr. innflæði í fyrra. Útflæði nýfjárfestingar hefur einnig verið kröftugra í ár. Þannig nam nettóinnflæði í nýfjárfestingar 29 ma.kr. á fyrstu níu mánuðum síðasta árs, samanborið við 23 ma.kr. nettóútflæði í ár. Útflæðið stafar fyrst og fremst af sölu erlendra aðila á ríkisbréfum. Verulegt annað innflæði í mars og apríl í ár tengdist að mestu

kaupum erlends aðila á eignarhlut í innlendu fasteignafélagi. Erlendir aðilar eiga um 9% útistandandi ríkisverðbréfa í krónum, sem er lágt í bæði sögulegum og alþjóðlegum samanburði.



Heimild: Seðlabanki Íslands

### Eftirstandandi höft

Eftirfarandi viðskipti eru enn háð takmörkunum:

1. Fjármagnshreyfingar á milli landa í innlendum gjaldeyri vegna viðskipta með aflandskrónueignir, sem háðar eru sérstökum takmörkunum;
2. Gjaldyrisviðskipti milli innlendra og erlendra aðila, sem ekki fara fram með milligöngu fjármálafyrirtækis, þegar innlundur gjaldeyrir er hluti af viðskiptunum;
3. Afleiðuviðskipti, þar sem innlundur gjaldeyrir er í samningi gagnvart erlendum gjaldeyri, í öðrum tilgangi en til áhættuvarna eða vegna áhættuvarna í tengslum við útgáfu í íslenskum krónum erlendis, stundum nefnd jöklabréf.

Verði frumvarp til nýrra heildarlaga um gjaldyrisráðgjafi samþykkt á Alþingi verður hægt að líta svo á að takmörkunum á viðskiptum milli landa sem innleidd voru í kjölfar alþjóðlegru fjármálakreppunnar hafi endanlega verið aflétt og birtingu greinargerðar um framgang áætlunar við losun þeirra verður þá hætt.